

Alþingi  
Erindi nr. P 126/1290  
komudagur 26.2.2001



**Barnaheill**  
Save the Children Iceland

Nefndasvið Alþingis  
B.t. Ágúst Geirs Ágústssonar  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar, 2001

**Um:** Umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 345. mál, markaðssetning,  
tóbaksmengun o.fl.


Samtökin Barnaheill fagna framkomnu frumvarpi til laga um tóbaksvarnir.

Barnaheill vilja þó áréttta mikilvægi forvarna til alls almennings en þó sérstaklega til barna og ungmenna um skaðsemi reykinga. Því hafa samtökin af því nokkrar áhyggjur að einungis 0,9% af brúttósölu tóbaks verði varið til tóbaksvarna eins og fram kemur í 14. grein frumvarpsins.

Tryggja þarf grunnskólabörnum lögskipaða fræðslu um tóbaksvarnir og efla af mætti áróður gegn því að hefja reykingar. Kjarni málsins í tóbaksvörnum er að koma í veg fyrir að börn og ungmenni byrji að reykja.

Samtökin telja því eðlilegt að stærri hluti af söluhagnaði tóbaks sé varið í forvarnarstarf og benda á að samkvæmt fram komnu frumvarpi til laga um heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er stefnt að því að í lok þess tímabils reyki aðeins 15% fullorðinna.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla.

  
Kristín Jónasdóttir, framkvæmdastjóri.

Skrifstofa:  
Laugavegi 7  
101 Reykjavík

Sími: 561 0545  
Bréfsími: 552 2721  
E-mail: barnaheill@barnaheill.is  
www.barnaheill.is